

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skaftárhreppi.

Deiliskipulag ferðaþjónustuhúsa í landi Kálfafells I.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 11. febrúar 2018 deiliskipulag ferðaþjónustuhúsa í landi Kálfafells I. Um er að ræða nýtt deiliskipulag en heildarstærð deiliskipulagssvæðisins er 8.800 m². Deiliskipulagið tekur til ferðaþjónustuhúsa, afleggjara af núverandi vegi og bílastæða. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Byggðabóls í landi Kálfafells I.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 11. febrúar 2018 deiliskipulag ferðaþjónustuhúsa í landi Kálfafells I. Um er að ræða nýtt deiliskipulag en heildarstærð deiliskipulagssvæðisins er 4,2 ha. Deiliskipulagið tekur til ferðaþjónustuhúsa, aðkomuvegar af núverandi vegi og bílastæða. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 42. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 20. mars 2018.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 23. mars 2018